

Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Skutulsfirði

Ragnar Edvardsson

Bolungarvík 2021

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráningar.....	3
Aðferðafræði	4
Fornleifaskrá.....	4
Niðurstöður.....	10
Heimildir	12

Inngangur

Að beiðni Bjarnar Davíðssonar, hjá Snerpu ehf., tók undirritaður að sér að kanna fornleifar á framkvæmdasvæði vegna lagningar ljósleiðara í botni Skutulsfjarðar. Framkvæmdasvæðið nær frá botni Skutulsfjarðar að Kirkjubæ og loks að Ísafjarðarflugvelli (mynd 1).

Ljósleiðarinn fer um land jarðarinnar Kirkjubóls, sem var að miklu leiti eyðilögð á árunum 1985-1990 vegna malarnáms og framkvæmda við sorpbrennslustöðina Funa. Fornleifakönnun fór fram í maí 2021 og sá Ragnar Edvardsson um vettvangsvinnu svo og frágang gagna og skýrsluskrif.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmiskonar fjarkönnunarbúnað á landi, t.d. GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngrípi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög Um Menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skylt samkvæmt þjóðminjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdasvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

Aðferðafræði

Fornleifaskráningunni var skipt í tvo hluta; heimildakönnun og vettvangsskráningu. Við heimildakönnun var farið yfir helstu ritaðar heimildir, þ.e. jarðabækur, fornbréfasafn, örnefnaskrár, osfrv. Við skráningu á vettvangi var gengið eftir framkvæmdasvæðinu og þær minjar sem þar var að finna skráðar, ljósmyndaðar og mældar upp með gps stöð. Unnið var með gögnin í landupplýsingaforritinu Qgis.

Fornleifaskrá

Kirkjuból 226923

26 hundruð að dýrleika. 1805 er eyðihjáleigan Seljabrekka talin með. Jarðadýrleiki hjá Á.Magnússyni er 30 hundruð. "Hjer er hálfkirkja og embættað þegar að heimamenn ganga til sacramentis...Eyðihjáleigan Seljabrekka talin með jörinni á 4 hundrið að dýrleika." [Á.M, VII. 164]. "Máldagi Mariukirkju á Eyri í Skutulsfirði [er Árni biskup Þorláksson setti árið 1286] Maríu kirkia a eyri j skutilz firdi á ij luti j heima landi: og þeim kýr: cc eina og fim hundrud frijd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. Hocul altara klædi ij: munlogar ij. Oc glodaker: tijundir af x bolum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ij lutum j attredmijingi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera pr[restr] heijmilisfastur oc taka fiorar merkur." [D.I.II 260]. [Hítardalsbók] [1367] "cxxxviii. Mariukirkia a kirkiubole j skutulsfirde. A þuilijkann maldaga. Það er eins og j wilchinsbok. Vtann hier stendur suo. Þar tekst heima tijund og lysetollur heimamanna. Og suo fra forsum. Og tijund vr eingedal." [D.I.III.229]. Vilehinsbók [1397] "Mariukirkia a Eyri j Skutlsfirdi oc hins heilaga Jons postula a heimaland allt. Kyr oc lx asaudar. Gelldneyta kugildi cc voru. Pllbord. Ij storkierolld j jordu. Þangad liggia tiunder af ollum bæium mille Brudarhamars oc Ofæru oc lysistollar ad frateknu Kirkiuboli. Forsum oc Eingidal." [D.I.IV.140-141]. [1499] "Guðfinna Jónsdóttir gefr Sturlu Þórðarsyni syni sínum áttatigi hundraða, og kvittar hann af peningameðferð, en bæði saman ánafna þau Valgerði Þórðardóttur tuttugu hundruð...uar þar j skilin og tileiknud jordin kirkiuboll er liggr j eyrar kirkiu sokn j sutulsfirdi fyrir þriatiger hundrada..." [D.I.VII.423]. [1508] "Vitnisburður Þorláks Auðunarsonar um skóginn í Botnsdal í Tungulandi í Skutulsfirði, sem er eign Kirkjubólskirkju...Suo felldan uitnisburd ber eg þollakur audunarson at skogr sa sem ligr j bozdal j tungu jord sem liggr j skutulsfirde j eyrar kirkiu sokn uar halldin fullkomlig eign kirkiubols..." [D.I.VIII.198-199]. Túnastærð 1922: 7.4 ha, 2/3 slétt. Á síðasta áratug var malarnám í landi Kirkjubóls og í dag er jörðin og túnstæðin horfin vegna framkvæmda. Ath. í

fornleifaskrá Kirkjubóls er notast við landeignanúmer Kirkjubæjar, þar sem að jörðin Kirkjuból er ekki í Lögbylaskrá og hefur þar af leiðandi ekkert númer.

226923-1

Sérheiti: Kirkjuból

Hlutverk: Býli

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: 622290N 311765E

Staðhættir: „Í mynni Engidals að austan er jörðin Kirkjuból, kunn hefur orðið í sögu þjóðarinnar vegna þeirra atburða er þar gerðust á 17. öld. Þá bjuggu þar feðgar tveir og hétu hvorutveggja Jón...Kom prestur (Jón Þumlungur) að lokum svo sínu máli, að þeir Kirkjubólsfeðgar voru báðir brenndir á báli árið 1656, á sumardaginn fyrsta, sem þá bar upp á 10. apríl."(Örnefnaskr. Kirkjubóls) Farið er framhjá sorpbrennslustöðinni Funa og upp að fjallshlíðinni sunnanvert í dalnum. Undir skál í fjallinu stóð Kirkjuból. Lítill hóll undir grýttri fjallshlíð milli Funa og nokkurra skepnuhúsa. Allt bæjarstæðið hvarf í malarnám á árunum 1980-90 og er nú ekkert eftir af bæjarstæði né túnstæði Kirkjubóls. Bæjarhóllinn er horfinn.

Minjalýsing: Allt bæjarstæðið hvarf í malarnám á árunum 1980-90 og er nú ekkert eftir af bæjarstæði né túnstæði Kirkjubóls. Bæjarhóllinn er horfinn.

Hættumat: Engin hætta

226923-2

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Íbúðarhús

Staðsetning: 624454N 313568E

Staðhættir: "Skammt fyrir innan Innstabás er dálítið undirlendi við sjóinn, sem heitir á Naustum. Þar var lengi og til skamms tíma tvö tómthús, mannabýli, en óvíst mun hvenær til þeirra er stofnað...Um eða fyrir...keypti Þorsteinn Kjarval ytra býlið og kallaði á Kjarvalsstöðum." (Örnefnaskrá Kirkjubóls) Nr. 10 á túnakorti Kirkjubóls. Farið er framhjá flugvellinum og alveg að norður enda brautarinnar.

Minjalýsing: Tvær rústir standa hlið við hlið og er hér um að ræða þá sem er nær flugvellinum. Ferhyrnd rúst og sjást steinsteyptir veggir. Norðan við hana er lítil tóft.


Hættumat: Engin hætta

226923-3

Sérheiti: Kjarvalsstaðir

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Íbúðarhús



Mynd 1. Skráðir minjastaðir í landi Kirkjubóls. Gul lína sýnir ljósleiðarastæðið.

Staðsetning: 624461N 313585E

Staðhættir: "Skammt fyrir innan Innstabás er dálítið undirlendi við sjóinn, sem heitir á Naustum. Þar var lengi og til skamms tíma tvö tómthús, mannabýli, en óvíst mun hvenær til þeirra er stofnað...Um eða fyrir...keypti Þorsteinn Kjarval ytra býlið og kallaði á Kjarvalsstöðum." Nr. 13 á túnakorti Kirkjubóls. Farið er að flugbrautinni og rústin stendur 200 m frá nyrðri enda flugbrautarinnar. Tóftin stendur á grasbala við sjóinn og upp við Seljabrekkuna. Rétt norðan við minjastað 2.

Minjalýsing: Tvær rústir standa hlið við hlið og er hér um að ræða þá sem er fjær flugvellinum. Ferhyrnd rúst og sjást steinsteyptir veggir.

Hættumat: Engin hætta

226923-4


Sérheiti: Seljabrekka

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðsetning: 623934N 312985E

Staðhættir: "Innan til við Naustin gengur fram dálítill hæðarhryggur, og heitir þar Seljabrekka. Þar var fyrrum haft í seli frá Kirkjubóli og einnig var þar uppsátur á fyrri tímum,... Ennfremur



Mynd 2. Minjastaðir 226923-2 og 226923-3 við enda Ísafjarðarflugvallar.

eru munnlegar sagnir um það að Kirkjubólssfeðgar, sem nefndir eru hér að framan, hafi verið brenndir í Seljabrekkunni,... Á skipeyrinni er nú Ísafjarðarflugvöllur. Hið upphaflega landslag á þessum slóðum má heita alveg horfið, vegna byggingar flugvallarins. Seljabrekkan og bakkarnir inn af henni fóru í þessa uppfyllingu, og hefur allt það svæði því einnig breytt um svip" [ö-Kirkjubólss]. "Seliabrekka. Eyðihjáleiga, hefur í auðn legið síðan bóluna. Dýrleiki iiii, og er þá áður talið heimajörðinni." [Á.M.VII]. Brekkan liggur alveg frá afleggjaranum (flugbrautarafleggjara) og út að nyrðri enda brautarinnar. Grösug brekka vestan þjóðvegarins.

Minjalýsing: Ekki sást til neinna fornleifa. Stór hluti brekkunnar var notaður í flugvallagerð og því líklegt að selið hafi verið eyðilagt.

Hættumat: Engin hættu

226923-5

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðsetning: 624460N 313511E

Staðhættir: "Innan til við Naustin gengur fram dálítill hæðarhryggur, og heitir þar Seljabrekka. Þar var fyrrum haft í seli frá Kirkjubóli og einnig var þar uppsátur á fyrri tímum,... Ennfremur eru munnlegar sagnir um það að Kirkjubólssfeðgar, sem nefndir eru hér að framan, hafi verið

brenndir í Seljabrekkunni,... Á Skipeyrinni er nú Ísafjarðarflugvöllur. Hið upphaflega landslag á þessum slóðum má heita alveg horfið, vegna byggingar flugvallarins. Seljabrekkan og bakkarnir inn af henni fóru í þessa uppfyllingu, og hefur allt það svæði því einnig breytt um svip" (ö-Kirkjubóls).

Minjalýsing: Ekki sást til neinna fornleifa. Stór hluti seljabrekkunnar var notaður í flugvallagerð og er líklegt að ef einhverjar minjar um uppsátur hafi farið undir flugvallaendann.

Hættumat: Engin hættu

226923-6

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Aftökustaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: 623568N 312433E

Staðhættir: "Innan til við Naustin gengur fram dálítill hæðarhryggur, og heitir þar Seljabrekka. Þar var fyrrum haft í seli frá Kirkjubóli og einnig var þar uppsátur á fyrri tímum,... Ennfremur eru munnlegar sagnir um það að Kirkjubólsfeðgar, sem nefndir eru hér að framan, hafi verið brenndir í Seljabrekkunni,... Á Skipeyrinni er nú Ísafjarðarflugvöllur. Hið upphaflega landslag á þessum slóðum má heita alveg horfið, vegna byggingar flugvallarins. Seljabrekkan og bakkarnir inn af henni fóru í þessa uppfyllingu, og hefur allt það svæði því einnig breytt um svip" (ö-Kirkjubóls).

Minjalýsing: Ekki sást til neinna fornleifa.

Hættumat: Engin hættu

226923-7

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðsetning: 622432N 311642E

Staðhættir: "Rétt fyrir utan túnið á Kirkjubóli er kallað Kvíaból." (Ö-Kirkjubóls) Svo til beint niður af bænum við Langá. Allt svæðið hefur verið sundurgrafið og stendur þar nú ruslahaugur Ísafjarðarbæjar.

Minjalýsing: Ekki sást til neinna fornleifa.

Hættumat: Engin hættu

226923-8

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: 622325N 311729E

Staðhættir: "Neðan til við bæjarhúsin á Kirkjubóli er forn kirkjugarður og sést garðlagið vel." (Ö-Kirkjubóls) Farið er framhjá Funa og nær því alveg að skepnuhúsum svo til undir skál í fjallið. Lítt gróinn malarkambur. Svæðið var notað sem malarnáma. Magnús Þorkelsson fornleifafræðingur, gróf kirkjugarðinn í kringum 1985.

Minjalýsing: Ekki sást til neinna fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

226923-9

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir: "Fyrir framan túnið heita Eyrar, meðfram ánni, Stekkur og Stekkjartún." (Ö-Kirkjubóls) Farið er að Funa þar niður undir var Stekkjartúnið. Nákvæm staðsetning óviss. Svæðið austan Langár var notað sem malarnáma og hefur svæðið mikið breytt um svip frá því sem áður var.

Minjalýsing: Ekki sást til neinna fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

226923-10

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir: "Hjer er hálfkirkja og embættað þegar heimamenn ganga til sacramentis." [Á.M. VII. 164]. Vígslumáldagi Maríukirkju á Kirkjubóli í Skutulsfirðir [1333]. "Anno domini m ccc xxx iii...skal þaar þa hallda heilagt ok a fossvum og eingidal." [D.I. II. 699-700] Kirkjan og kirkjugarðurinn er horfinn vegna framkvæmda í kringum 1985. Magnús Þorkelsson gróf kirkjugarðinn í kringum 1985.

Minjalýsing: Ekki sást til neinna fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

226923-11

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Útihús

Staðsetning: 624393N 313512E

Staðhættir: Farið er framhjá Ísafjarðarflugvelli og alveg að nyrðri enda vallarins vestan þjóðveggarins. Brekka fyrir ofan flugbrautina og hafa framkvæmdir skaddað brekkuna. Vegurinn liggur að hluta til yfir tóftina.

Minjalýsing: Tóftin er gróin og tvíhólfa og snýr framhliðin út að sjónum.

Hættumat: Engin hætta

226923-12

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Náma

Staðsetning: 622023N 311735E

Staðhættir: Austan til í Engidal. Farið er framhjá sorpbrennslustöðinni Funa og að gamla bæjarstæðinu á Kirkjubóli. Sunnan við bæjarstæðið eru skepnuhús örlítið sunnar við þau eru mógrafir. Upp undir fjallsrótum.

Minjalýsing: Mógrafirnar eru óreglulegar.

Hættumat: Engin hætta

226923-13

Sérheiti: Kirkjubær

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Býli

Staðsetning: 623161N 312010E

Staðhættir: Norðan gamla bæjarstæðisins, norðaustan við sorpbrennsluna Funa er nýbýli og er það reist á sama stað og eldri Kirkjubær stóð áður. Steinsteyppt hús stendur á svipuðum slóðum. Þegar bæjarstæði Kirkjubóls var eyðilagt, keypti Ísafjarðarbær Kirkjubæ og flutti ábúandann á Kirkjubóli þangað.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Niðurstöður

Svæðinu í botni Skutulsfjarðar hefur verið talsvert umturnað vegna ýmissa framkvæmda í gegnum tíðina. Árið 1960 var Ísafjarðarflugvöllur byggður á Skipeyri og var efni til framkvæmdanna tekin úr nágrenninu, þ.e. aðallega úr Seljabrekkunni fyrir ofan flugvöllinn. Á síðustu áratugum 20. aldarinnar var mikið malarnám í landi Kirkjubóls og fór svo að

bæjarstæðið og ýmsar minjar í nágrenninu voru eyðilagðar. Að endingu var svo svæðið lagt undir sorpbrennslustöðina Funa.

Við fornleifaskráninguna fundust engar minjar sem voru í ljósleiðararstæðinu en 13 minjastaðir voru skráðir (mynd 1). Flestir þessara minjastaða eru horfnir en enn sjást rústir 3 minjastaða (226923-2, 3, 11) og er enginn þeirra í hættu vegna framkvæmda við ljósleiðarann (mynd 2).

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. Jarðabók, VII. bindi. Reykjavík.

J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen gaf út, Kaupmannahöfn, 1847.

Diplomatarium Islandicum [D.I.]. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörning, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn II-VIII. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík., 1857-1950.

Örnefnaskrá Kirkjubóls.